

AUGLÝSING

um deiliskipulag athafnasvæðis Bláa lónsins, Grindavíkurbæ.

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt deiliskipulag athafnasvæðis Bláa lónsins, Grindavíkurbæ.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórnin í Grindavík, 12. febrúar 1998.

F. h. bæjarstjóra, Jóns Gunnars Stefánssonar,

Jón Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Egilsstaðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Egilsstaðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

a) Íbúðir.

Sorphirðugjald er kr. 6.000 á hverja íbúð.

b) Fyrirtæki.

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	a)	kr. 6.000
"	b)	kr. 12.000
"	c)	kr. 18.000
"	d)	kr. 36.000
"	e)	kr. 72.000
"	f)	kr. 144.000
"	g)	kr. 240.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 10. febrúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.